

Eskja hf.
Haukur Jónsson
Strandgata 39
735 Eskifirði

Reykjavík, 21. febrúar 2020
UST201901-306/H.R.A.
08.10.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 22. janúar sl. þar sem rekstraraðila var veittur frestur til 14. febrúar 2020 til að skila inn til stofnunarinnar tímasettri áætlun um úrbætur á þeim frávikum sem skráð voru við eftirlit stofnunarinnar hjá Eskju hf. þann 30. desember 2019. Þann 12. febrúar sl. barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikin eru eftirfarandi:

- 1. Gr. 2.9 í starfsleyfi.** Ekki var tilkynnt til stofnunarinnar þegar TVN gildi fór yfir viðmiðunarmörk á árinu 2018. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila hafa vinnureglur um tilkynningar um hátt TVN gildi verið yfirfarnar og kynntar öllum starfsmönnum.**
- 2. Gr. 3.1 í starfsleyfi.** Staðfesting flutningsaðila og/eða móttökustöðvar vantar vegna skilum spilliefna. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila hafa vinnureglur um skil á spilliefnum verið yfirfarnar og mun rekstraraðila nú berast rafræn kvittun frá móttakanda í hvert sinn sem spilliefnum er skilað.**
- 3. Gr. 3.3 í starfsleyfi.** Útstreymisbókhaldi vegna ársins 2018 var skilað seint en síðasti skiladagur er 1. maí ár hvert. **Skv. eftirlitsskýrslu stóð þó ekki til að frávikið fæli í sér eftirfylgni og telst frávikin lokið.**
- 4. Gr. 41. reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.** Rekstraraðili skal tryggja öruggar mengunar-, árekstrar-, eld- og slysavarnir við rekstur olíugeyma fyrir vinnuvélar sínar. Koma þarf upp árekstrarvörn við geyminn og tryggja að afgangsluslangan liggi ekki á gólfinu. Ekki væri verra ef geymirinn væri tvöfaldur en ekki er krafa um slíkt. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila hefur nú þegar verið hafist handa við að smíða pall þar sem neyslugeymir olíu fyrir vinnuvélar verður staðsettur á, slík ráðstöfun ætti að koma í veg fyrir árekstur vinnuvéla. Frágangi skal vera lokið fyrir 12. mars 2020. Rekstraraðili skal senda Umhverfisstofnun staðfestingar þess.**


Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila. Úrbætur vegna frávika í tölulið nr. 1 og 2 verða teknar út í næsta eftirliti.


Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgnina verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. Gjaldið er **13.200 kr.**

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst


Gottskálk Friðgeirsson


Helga Rut Arnarsdóttir
Lögfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Austurlandssvæðis